

Minnisblað 15.08.2022**Staða innritunar í leikskóla / ágúst 2022**

Úthlutun leikskólaplássna síðsumars er sú lang umfangsmesta á ári hverju enda er þá úthlutað plássum sem losna þegar elstu börnin hefja grunnskólagöngu. Á úthlutunarfundi fyrir leikskóla í Garðabæ þann 9. ágúst sl. var öllum börnum fæddum í júní, júlí og ágúst árið 2021 úthlutað leikskóladvöl. Yngsta barnið sem fékk úthlutun er fætt 30. ágúst 2021 og verður því 12 mánaða gamalt í lok þessa mánaðar.

Heildarfjöldi umsókna fyrir þetta tímabil voru 108 og þar af voru 19 flutningsbeiðnir milli leikskóla og 89 nýjar umsóknir. Alls var úthlutað plássum til 95 barna sem sótt hafði verið um fyrir. Þar af voru 6 flutningsbeiðnir.

Úthlutun leikskólaplássna mun halda áfram inn á haustið. Tímarammi á úthlutunum stjórnast af mönnun í leikskólum bæjarins og framkvæmdum á húsnæði leikskólans Urriðabóls í Kaupúni.

Á tæpu ári hefur leikskóladeildum í fjölgað um 14 í sveitafélaginu, Mánahvoll er með átta deildir og Heilsuleikskólinn Urriðaból við Kaupún verður 6 deilda skóli.

Heildarfjöldi leikskólaplássna í Garðabæ eru 1354 og þar af eru 498 pláss hjá sjálfstætt starfandi skólum. Heildarfjöldi leikskólabarna eftir úthlutun í ágúst er 1262 börn og þar af eru 453 börn innrituð í sjálfstætt starfandi skóla. Sjá má hvernig leikskólabörn dreifast á einstaka leikskóla í töflunni hér að neðan. Mismunurinn á heildarfjölda leikskólaplássna og heildarfjölda leikskólabarna sem er 92 pláss skýrist af því að ekki eru allir leikskólar í bænum full mannaðir.

Frá og með júní býðst forráðamönnum barna 12 mánaða og eldri sem njóta ekki dagvistunar úræðis biðlistagreiðslur að upphæð 90.269.- kr. Í júní nýttu 31 aðili sér þetta úræði og í 61 í júlí. Frá mánaðarmótum hafa 24 aðilar sótt um biðlistagreiðslur, en þær falla niður þegar þegar barn byrjar á leikskóla.

Fjöldi innritaðra barna á leikskóla í Garðabæ

Leikskólar Garðabæjar

Akrar	90
Bæjarból	79
Holtakot	53
Hæðarból	52
Kirkjuból	61
Krakkakot	89
Lundaból	64
Mánahvoll	78
Flataskóli 4 og 5 ára deild	30
Sunnuhvoll	27
Urriðaholtsskóli	186
Samtals:	809

Sjálfstætt starfandi

Heilsuleikskólinn Urriðaból	58
Sjálaland leikskóli	117
Ásar leikskóli	94
Hnoðraholt	91
Litlu-Ásar	52
BSK Hjalla 5 ára deild	41
Samtals:	453

Skipting milli sveitarfélaga
skóla og sjálfstætt starfandi
skóla

Leikskólar Garðabæjar	809
Sjálfstætt starfandi leikskólar	453
Alls fjöldi barna	1262